



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalistaflokks Íslands mánudaginn 13. júlí 2020 kl. 20:00 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Védís Guðjónsdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Laufey Ólafsdóttir, Agnieszka Sokolowska, Dávur í Dali, Katrín Baldursdóttir og Arna Þórdís Árnadóttir.

Guðmundur Auðunsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Ásgerður Ágústa Jóhannsdóttir voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Þrjár síðustu fundargerðir hafa ekki enn verið samþykktar. Ritari lagði áherslu á að stjórnarmenn fari yfir fundargerðirnar.

### 2. Umræður um stöðu flokksins og verkefni framkvæmdastjórnar fram að Sósíalistapingi 12. september.

Leggja þarf drög að áætlun varðandi uppbyggingu baráttuhópanna (Ungir, Femínistar, Meistaradeild, Öryrkja-, Innflytjenda- og Verkalýðsráð), skuggaráðuneyta, félagasöfnunar og virkjun félaga, Samvisku, Kjörnefndar, Samstöðvar, Maístjörnu o.fl.

Líflegar umræður fóru fram. Samþykkt var að framkvæmdastjórn muni skipta meira með sér verkum.

### 3. Önnur mál

Engin önnur mál.

